



## Verkfræðingafélag Íslands

Alþingi

B.t. fjárlaganefndar

Sent til: umsagnir@althingi.is

### Efni: Umsögn Verkfræðingafélags Íslands um frumvarp til laga um innviðafélag, mál nr. 535.

Verkfræðingafélag Íslands (VFÍ) þakkar fyrir tækifærið til að veita umsögn um frumvarp til laga um innviðafélag. Félagið styður heilshugar þau meginmarkmið frumvarpsins að hraða uppbyggingu mikilvægra samgönguinviða.

### Hætta á veikari sérfræðikunnáttu

Samkvæmt a-lið 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er það m.a. markmið með stofnun innviðafélags að „Tryggja hagkvæma, faglega og skilvirka verkefnastjórn varðandi undirbúning og framkvæmd stærri samgöngumannvirkja.“

Þrátt fyrir að VFÍ styðji markmið frumvarpsins lýsir félagið áhyggjum af því að stofnun innviðafélags muni, vegna sértækra aðstæðna á Íslandi, leiða til þess að hið gagnstæða gerist, þ.e. að sérfræðikunnátta veikist og verkefnastjórnun verði lakari, ekki aðeins hjá innviðafélaginu heldur einnig hjá öðrum aðilum sem bera í dag ábyrgð á innviðaupbyggingu.

Verkfræðingafélag Íslands telur þessa hættu raunverulega. Vegna smæðar landsins og takmarkaðs fjölda stórra verkefna á hverjum tíma eru einfaldlega ekki forsendur til þess að byggja upp faglega og skilvirka sérfræðiþekkingu í verkefnastjórnun samgöngumannvirkja á mörgum stöðum samtímis án þess að það komi niður á gæðum og samfellu, sem eru lykilforsendur fyrir hagkvæmra og örugga innviðaupbyggingu. Sú þróun gæti leitt til lakari undirbúnings, veikari verkefnastjórnunar, minni yfirfærslu reynslu milli verkefna og að lokum óhagkvæmari niðurstöðu í framkvæmd einstakra verkefna.

### Óskýr verkaskipting og ábyrgð

Að mati VFÍ er einnig nauðsynlegt að afmarka mun skýrar en gert er í frumvarpinu hver beri ábyrgð á undirbúningi verkefna, hönnunarforsendum, tæknilegum kröfum, undirbúningi útboða, framkvæmdaeftirliti, rekstrarákvörðunum og langtímaviðhaldi. Óskýr verkaskipting getur leitt til tvíverknaðar og veikt faglega ábyrgð, auk þess sem það getur aukið kostnað og valdið töfum í framkvæmd. Þetta er ekki aðeins stjórnsýslulegt atriði heldur varðar einnig öryggis- og gæðamál.

### Tillögur Verkfræðingafélags Íslands

Til að tryggja að markmið frumvarpsins um aukna hagkvæmni, faglega þekkingu og skilvirka verkefnastjórnun náist, leggur Verkfræðingafélag Íslands til eftirfarandi:

1. Áður en innviðafélag tekur til starfa verði lögð fram skýr mannauðsáætlun og hæfnistefna. Þar komi fram hvernig byggja eigi upp og viðhalda tæknilegri og verkfræðilegri getu og hvernig tryggja eigi að stofnun innviðafélags veiki ekki getu þeirra aðila sem nú þegar bera meginábyrgð á undirbúningi, hönnun, eftirliti og langtímastefnumótun í samgöngumálum.
2. Hlutverk innviðafélagsins verði skýrt afmarkað frá hlutverki Vegagerðarinnar og annarra opinberra aðila til að koma í veg fyrir tvíverknað og veikingu á faglegri ábyrgð. Nauðsynlegt

er að skýra hvort innviðafélaginu sé fyrst og fremst ætlað að vera eigandi og verkefnisstjórnaraðili eða hvort því sé einnig ætlað að byggja upp eigin framkvæmdagetu.

3. Skerpa þarf á hæfnis- og fagkröfum til stjórnar og æðstu stjórnenda innviðafélagsins, þannig að tryggt sé að innan félagsins sé til staðar raunveruleg reynsla af stórum innviðaframkvæmdum og tilheyrandi verkfræðilegri verkefnastjórn.
4. Tryggt verði ótvírætt samræmi í öryggis-, hönnunar- og gæðakröfum milli þeirra verkefna sem áfram verða á hendi Vegagerðarinnar og þeirra sem kunna að verða falin innviðafélagi.

Verkfræðingafélag Íslands telur að án frekari útfærslu og úrbótum sé hættu á að frumvarpið nái ekki markmiðum sínum um að styrkja verkefnastjórnun stærri samgöngumannvirkja. Þvert á móti gæti fagleg geta dreifst, sérfræðipekking veikst og framkvæmd verkefna orðið lakari.

*Reykjavík, 10. apríl 2026.*

*Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.*